

Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Árnesi  
801 Selfoss

Reykjavík 15. nóvember 2018  
UST201810-241/A.B.  
10.04.02

**Efni:** Aðalskipulag - Skeiða- og Gnúpverjahrepps - breyting – Hraunhólar

Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 25. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagsbreytingu í landi Hraunhóla í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í greinargerð kemur fram að tillaga að breyttu aðalskipulagi snýr að stækkun svæðis fyrir blandaða landnotkun í landi Hraunhóla.

Auk þess kemur fram að í tillögu að aðalskipulagsbreytingu verður svæði sem skilgreint er sem blönduð landnotkun stækkað til austurs um allt að 18 ha og afmörkun íbúðar- og landbúnaðarsvæðisins verður breytt og verður stærð þess alls um 26 ha.

Einnig kemur fram í greinargerð að skilmálar fyrir svæðið eru óbreyttir og þar er gert ráð fyrir smábýlum eða einbýlishúsum á 10 lóðum með nýtingarhlutfall 0,15 eða lægra.

#### **Jarðminjar á skipulagssvæðinu**

Í greinargerð kemur fram þar sem að fjallað er um staðhætti að svæðið er gróið og fremur flatt og mosavaxið hraun er víða.

Umhverfisstofnun telur að svæðið sem er hér til umfjöllunar falli undir lið a. í 2. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 þar sem fjallað er um sérstaka vernd.

Þetta kemur ekki fram í tillögunni og þá er þar ekki fjallað um aðra mögulega valkosti við val á svæði eða ástæður þess að umrætt svæði varð fyrir valinu.

Það skal athuga að í 3. mgr. 61. gr. er kveðið afdráttarlaust á um það hvað vernd skv. 1. mgr. og 2. mgr. ákvæðisins felur í sér og er þar mælt fyrir um bann við röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýna nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í tillöggunni er ekki sýnt fram á að brýnir almannahagsmunir réttlæti röskun á svæðinu, sem nýtur sérstakrar verndar í skilningi náttúruverndarlaga.


Umhverfisstofnun lítur ennfremur svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laganna auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu sambengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur